# Lífeyrissjóðir

Hádegisspjall með fjölmiðlum
12. febrúar 2015

**Dagskrá:**

**Léttur hádegisverður**

**Upplýsingar um lífeyrissjóðina**

- **Ávöxtun og eignir**
- **Lífeyrir og tryggingafræðileg staða**
- **Erlendar fjárfestingar og gjaldeyrishöft**
- **Nýtt tölublað vefflugunnar**

**Umræður og spjall**

LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

Afkoma lífeyrissjóða á árinu 2014 var góð. Á næstu vikum munu sjóðirnir birta fréttir um ávöxtun og afkomu en LL hefur tekið saman áætlun fyrir sjóðina í heild. Rétt er að hafa í huga að nokkrir sjóðir hafa ekki lokið uppgjöri ársins og því geta endanlegar tölur orðið aðrar.

Helstu niðurstöður áætlunar LL:

- Áætluð raunávöxtun 2014 er 7,2% fyrir lífeyrissjóði í heild. Raunávöxtun samtryggingarsjóða er áætluð 7,4%  og séreignarsjóða 5,4%
- Erlendar eignir hækkuðu mest árið 2014. Góð ávöxtun var einnig á innlendum hlutabréfum og skuldabréfum metnum m.v. kaupkröfu
- Áætlaðar heildareignir lífeyrissjóða 31.12.2014 eru 2.920 milljarðar og jukust um 10% á árinu
- Tryggingafræðileg staða batnar vegna góðrar ávöxtunar og lágrar verðbólgu. Lífeyrissjóðir án ábyrgðar launagreið-enda eiga nú eignir fyrir heildarskuldbindingum
- Hlutfall erlendra eigna af heildareignum jókst á árinu 2014

# Góð afkoma 2014

**Raunávöxtun lífeyrissjóða í heild er áætluð 7,2%**

**Raunávöxtun samtryggingar er hærri en séreignar m.a. vegna ólíkrar eignasamsetningar og mismunandi eignamats á skuldabréfum**






# Þróun markaða 2014

**Erlend verðbréf í íslenskum krónum hækkuðu mest og skýra góða afkomu að hluta**

**Þróun dollars gagnvart öðrum myntum hafði afgerandi áhrif**

**Innlendur hlutabréfamarkaður tók við sér seinni hluta ársins**

**Skuldabréf vega þyngst í eignum sjóðanna og eru metin á kaupkröfu**



# Raunávöxtun sl. 20 ár

**Raunávöxtun samtryggingar-sjóða sl. 20 ár að jafnaði 4,0 % á ári**



# 5 ára raunávöxtun

**Síðstu 5 ár hafa verið hagstæð. Raunávöxtun á ári sl. 5 ár 5,1%**



# 10 ára raunávöxtun

**Tíu ára raunávöxtun hefur alltaf verið jákvæð**



# Raunávöxtun1971–2014




Heimild : Háskóli Íslands, FME og LL.

# Eignir um 1,5 þjóðarframleiðsla

**Heildareignir lífeyrissjóða í árslok 2014 áætlaðar um 2.920 millljaðar, þ.a. 2.235 í innlendum eignum og 685 í erlendum.**

**Hlutfall erlendra eigna hækkaði á árinu vegna verðhækkana og lágrar verðbólgu**



Tryggingafræðingar eru þessa dagana að framkvæma tryggingafræðilegar úttektir fyrir lífeyrissjóðina. Búast má við að staðan hafi batnað á árinu vegna góðrar ávöxtunar.

# Tryggingafræðileg staða sjóða án ábyrgðar í jafnvægi

**Heildarstaða sjóða án ábyrgðar í heild er í jafnvægi, staða einstakra sjóða er þó mismunandi**

**Söguleg skýring er á halla opinberra sjóða en staða þeirra hefur batnað**

**Heildarstaða í árslok 2013 sem % af skuldbindingum**




**Lagaleg skylda til að breyta réttindum;** 2012: -4%; 2013: -2,3%, áætlun 2014: 0%



# Heildarstaða sjóða án ábyrgðar hefur batnað síðustu ár




Staðan hefur batnað mikið sl. 2 ár

- í árslok 2011 voru 11 sjóðir fyrir neðan gulu línuna og 2 fyrir neðan rauðu
- í árslok 2012 voru 7 sjóðir fyrir neðan gulu línuna
- í árslok 2013 voru 4 sjóðir fyrir neðan línuna
- **Tölur í árslok 2014 fyrir einstaka sjóði liggja ekki fyrir**

Heimild: Ársreikningar lífeyrissjóða 2013, útgefandi: Fjármálaeftirlitið.

Hlutverk lífeyrissjóða er að greiða ellilífeyri til æviloka og áfallalífeyri. Sjóðirnir greiða meirihluta eftirlauna landsmanna og er búist við að hlutur þeirra aukist á næstu árum.

# Mikilvægir lífeyrissjóðir

**Árið 2013 greiddu lífeyrissjóðirnir 90 milljarða í lífeyri**

**Til samanburðar voru lífeyrisgreiðslur TR 63 milljarðar**

**Lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða 2013**



# Meirihluti eftirlauna frá lífeyrissjóðum

**Árinu 2013 greiddu lífeyrissjóðir 65 ma.kr. í ellilífeyri en TR 33 ma.kr.**




Heimild: Tryggingastofnum ríkisins og Fjármálaeftirlitið

# Eftirlaun og örorkulífeyrir 2013

**TR greiðir hins vegar meirihluta örorkulífeyris**



# Áætlaður meðallífeyrir m.v. fæðingarár lífeyrisþega

**Áætlað er að meðallífeyrir hækki úr 75 þúsund krónum, fyrir árganginn sem er fæddur 1932, í 225 þúsund krónur hjá þeim sem fæddir eru 1982.**

**Rétt er að hafa í huga að þessar tölur eru meðaltöl. Sumir munu því fá lægri lífeyri en aðrir hærri.**




Heimild: Lífeyristekjur í framtíðinni. Vísbending 24. tbl; júní 2012.

Gjaldeyrishöftin er ein mesta ógnun við starfsemi líf-eyrissjóðanna. Vegna gjaldeyrishafta búa sjóðirnir við takmarkaða fjárfestingakosti sem dregur úr áhættu-dreifingu í eigna-söfnum sjóðanna.

Á árinu 2014 gáfu Landssamtök lífeyrissjóða út bókina ,,Áhættudreifing eða einangrun“ sem innlegg í umræðu um gjaldeyrishöftin.

# Vægi erlendra eigna hækkaði

**Vægi erlendra eigna jókst árið 2014 vegna hækkunar á verðmæti í íslenskum krónum**



# Erlendar eignir lífeyrissjóða í nokkrum löndum í árslok 2012

**Hlutfall erlendra eigna hjá íslenskum lífeyrissjóðum er engu að síður með minnsta móti**




Heimild: OECD Global Pension Statistics

# Lífeyrissjóðir og markaðsverðbréf

**Eignir lífeyrissjóða eru svipaðar og verðmæti markaðsverðbréfa. Fjárfestingarkostir innanlands eru því takmarkaðir**




Heimild: Seðlabanki Íslands

# Hlutfall ríkis og sveitarfélaga af eignum

**Vægi ríkisskuldabréfa jókst verulega árin 2009-2012 en fer nú lækkandi. Í desember 2014 var vægi ríkisskuldabréfa 33% af eignum og skuldabréf sveitarfélaga 2,7%**

## Ísland




Heimild: SÍ, efnahagsyfirlit lífeyrissjóða 01/1997-05/2014. Ath. í þessum tölum er ekki óbein eign lífeyrissjóða í gegnum innlenda verðbréfasjóði (80 ma.kr. í maí 2014).

## Samanburður við nokkur OECD lönd




Heimild: OECD, tölur í árslok 2012.

**Hlutfall ríkisskuldabréfa af eignum íslenskra lífeyrissjóða er hátt í**

**Landssamtök lífeyrissjóða gáfu út bókina ,,Áhættudreifing eða einangrun? – Um tengsl lífeyrissparnaðar, greiðslujafnaðar og erlendra fjárfestinga“ árið 2014**

**Höfundar eru Dr. Ásgeir Jónsson og Dr. Hersir Sigurgeirsson**



**Nýtt tölublað af vefflugunni, veftímariti LL, kemur út í dag.**

**Í því er m.a. sagt frá niðurstöðum rannsóknar um nægjanleika lífeyrissparnaðar á Íslandi sem staðfestir að íslenska lífeyris-kerfið er sterkt í alþjóðleg-um samanburði. Sérstaða íslenska lífeyriskerfisins er að meirihluti eftirlauna kemur úr sjóðum sem hafa safnað eignum til**

